



FUNDUR Í FRÆÐSLUNEFND BLÖNDUÓSBÆJAR

VEGNA LEIKSKÓLANS BARNABÆJAR

Dagsetning: 1. september 2014 kl. 17:00 í leikskólanum Barnabæ.

Dagskrá:

1. Ýmis mál
2. Önnur mál

Afgreiðslur:

Mæting samkvæmt undirskriftum. Anna Kristín Davíðsdóttir formaður setti fundinn og gaf Jóhönnu G. Jónasdóttur, leikskólastjóra orðið.

1. **Ýmis mál**
 - a. Jóhanna leikskólastjóri kynnti skóladagatal leikskólans.
 - b. Nú eru starfsdagar leik- og grunnskóla samræmdir, s.s. á sömu dögum.
 - c. Nú eru nemendur 61 og fer úr 74 nemendum þegar mest var á síðasta skólaári.
 - d. 50 börn eru í aðalbyggingu og 11 í útibúinu í Félagsheimilinu.
 - e. Stöðugildi eru um 17 og fylla 20 starfsmenn í þau.
 - f. Fundarmenn ræddu þá hugmynd að hækka inntökualdur nemenda á leikskólanum úr 6 mánaða í 9. mánaða. Langar okkur að taka þessa umræðu upp aftur á næsta fundi.
 - g. Jóhanna sagði frá haustnámskeiði leikskólastarfsmanna sem haldið var á Hvammstanga og nefndist „Snemmtæk íhlutun í málörvun“.
 - h. Sigríður Helga leikskólakennari kynnti nýtt matstæki sem fylgir nemandanum frá 2. ára aldri og út leikskóladvölinu. Þetta matstæki mælir mál og málnotkun og nefnist TRAS.



2. Önnur mál

Umræða um að vera ekki að auglýsa atburði í augnhæð barna á leikskólanum og reyna að koma boðum á annan hátt.

Fundargerðin upplesin – fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Bergbór Pálsson

Eva Hrund Pétursdóttir

Anna Kr. Davíðsdóttir

Helgi Haraldsson

Jóhanna G. Jónasdóttir, leikskólastjóri

Sigríður Helga Sigurðardóttir, fulltrúi leikskólakennara

Sunna Hólm, fulltrúi foreldra

Kristín Jóna Sigurðardóttir